

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. júní 2023 vegna auglýsingar á tillögu að breyttu deiliskipulagi – Kvosin – Landsímareitur

Góðan dag, það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi vegna Kvosin, Landsímareitur, birtist í Morgunblaðinu föstudaginn 16. júní 2023. Tillagan er í kynningu frá 16. júní 2023 til og með 28. júlí 2023. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgatt.is. Sjá eftirfarandi slóð: www.skipulagsgatt.is

Kvosin, Landsímareitur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. maí 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 25. maí 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags Kvosarinnar, Landsímareits, með síðari breytingum. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að reka gististarfsemi á efri hæðum húsa að Aðalstræti 7 og Vallarstræti 4, er snúa að Ingólfstorgi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **16. júní 2023 til og með 28. júlí 2023**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 28. júlí 2023**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.

mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Virðing fyrir umhverfinu 
Fagmennska í hverju verki
Þjónusta við samfélagið 

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is